

Námsvísar

Fag: Íslenska

Kennari: Kristín Jóna Sigurðardóttir og Brynhildur Erla Jakobsdóttir

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir

Bekkur: 3.-4. bekkur 2021-2022

Kennsluáferðir og skipulag: Orð af orði en það er kennslufræði sem hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur barna og ungmenna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Unnið verður mikið með þessa aðferð t.a.m. krossgátur, KVL, orðapússl, krossglímur, orð dagsins, gagnvirkur lestur, hugarkort, ritun út frá orðasafni og orðhlutavinna svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er mikil áhersla lögð á lestur. Að nemendur lesi markvisst í skólanum, í yndislestri, með lestrarþjálfun og svo er mikil lagt upp úr því að börnin lesi heima á hverjum degi. Bækurnar verða valdar eftir getu hvers og eins. Einnig verða nemendur hvattir til að fá lánaðar bækur á bókasafni skólans eða á Héraðsbókasafninu til að lesa frjálst og/eða eigin bækur. Þá verða ljóð einnig lesin, unnið með sögugerð og ýmis ritunarverkefni unnin. Nemendur þjálfist í framsögn með upplestri. Nemendur vinna sjálfstætt/paravinnu/hópavinnu í kennslustundum allt eftir eðli verkefnanna. Lögð verður áhersla á öguð og vönduð vinnubrögð á öllum sviðum. Mikil samþætting er við aðrar námsgreinar t.d. myndlist, náttúr- og samfélagsgreinar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum gæðatexta. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu.

	Aukinn orðaforði og vald á máli getur eflt leikni nemenda í samskiptum og námi sem stuðlar að auknu sjálfstrausti og góðri sjálfsmýnd.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Fjallað um og unnið með jafnrétti og réttlæti. Nemendur fá námsefni og kennslu sem hentar stöðu hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Nemendur fá að velja lestrarbækur og bækur á bókasafni.
Lýðræði og mannréttindi	Þema tengt samfélagsfræði þar sem unnið er með land og þjóð og hvað það þýðir að búa í lýðræðissamfélagi. Einnig unnið með Bláa Hnöttinn. Nemendur eru hvattir til að vera virkir og taka þátt í umræðum í bekknum. Aukið vald á máli, aukið sjálfstraust til að miðla hugsun sinni og virkari þátttaka í umræðu og samræðu við aðra eru þættir sem geta stuðlað að því að nemendur verði virkari þátttakendur í lýðræði
Læsi	Unnið og rætt um læsi í víðum skilningi. Lesskilningur þjálfður. Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfður út frá myndum ásamt því að efla orðaforða og orðvitund, lesskilning, námsvitund og námsárangur almennt.
Sjálfbærni	Þema tengt samfélags- og náttúrufræði. Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið. Í orð af orði er áhersla lögð á stuðning í formi sýnikennslu til sjálfstæðis. Að efla námsvitund og -tækni stuðlar að sjálfbærni því nemendur verða færari í að brjóta námsefni til mergjar á sjálfstæðan hátt
Sköpun	Ýmis verkefni unnin og sett upp á skapandi hátt. Mikið unnið með myndsköpun, myndasögur, hugtakakort og ýmiskonar föndur. Í orð af orði er unnið á skapandi hátt með orð, hugtök og efnivið. Sýnileg, myndræn og rökleg framsetning afurða úr námsvinnunni er höfð að leiðarljósi. Unnið er með orðaforða á

skapandi hátt, s.s. með umræðu, orðavinnu, ritun og nýyrðasmíði.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf	Kennsluefni frá kennara Lesrún Ýmsar þjóðsögur Ljóðspor Ritrún	Geti lýst ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi Geti beitt skýrum og áheyrilegum flutningi á eigin verkum og annarra átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi (sumarskemmtun) Geti hlustað á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim Þjálfist í að hlusta og tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum og skólafélögum sínum og sé hvattur til að flytja	Fjölbreyttar kennsluaðferðir	Leiðsagnarmat Kannanir Mat á frammistöðu í tímum Sjálfsmat Jafningjamat

		<p>mál sitt skýrt og áheyrilega</p> <p>Átti sig á þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu</p> <p>Vinni verkefni sem gera kröfur um að hann tjái sig munnlega</p> <p>Endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt</p> <p>Þjálfist í að flytja texta/stuttar undirbúnar frásagnir og geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið, tengt við náttúrufræði og samfélagsfræði t.d.</p> <p>Hlusti á upplestur á sögum og ljóðum og svari spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á</p>			
Lestur og bókmenntir	<p>Kennsluefni frá kennara</p> <p>Lesrún</p> <p>Ýmsar þjóðsögur</p> <p>Heimalestrarbækur</p> <p>Bókasafnsbækur</p>	<p>Nái góðum tókum á lestri og leshraða þannig að hann geti lesið sér til gagns og ánægju</p> <p>Þjálfist í lesskilningi</p>	<p>Fjölbreyttar kennsluaðferðir</p> <p>Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveikir</p>	<p>Stöðluð viðmið í lesfimiþrófi í september, janúar og maí</p>	

	<p>Ljóðspor Ritrún</p>	<p>Geti nýtt sér helstu greinarmerki í lestri</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð</p> <p>Beitt algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði, vísu og ljóðlínu</p>	<p>áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflið, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.</p> <p>Nemendur eru hvattir að lesa sem mest</p> <p>Unnið með margs konar texta, hann svo nýttur í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.</p> <p>Orðaforðakennslu er fléttað við aðra kennslu og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni.</p>	<p>Orðarún í desember og maí</p>	
--	----------------------------	--	---	----------------------------------	--

			<p>Nemendur fá þjálfun við greiningu og sundurgreiningu orða og læra að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða í merkingu orða.</p> <p>Orðaforðakennslu er fléttað saman við gagnvirkan lestur og gerð hugarkorta.</p>		
Ritun	<p>Kennsluefni frá kennara Ýmsar þjóðsögur Ipadar</p>	<p>Geti nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta s.s upphaf, miðja og endir í frásögn</p> <p>Geti beitt einföldum stafsetningarreglum</p> <p>þjálfist í að skrifa einfaldan texta eftir upplestri og geti einnig skrifað texta á Ipad og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu</p>	<p>Í ritun er jöfnum höndum verið að fást við stafsetningu, lestur, skrift, frágang, málfræði og ritleikni.</p> <p>Nemendur eru þjálfaðir í skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Einnig er ýtt undir notkun handbóka, orðabóka og</p>	<p>Leiðsagnarmat Mat á frammistöðu í tímum Sjálfsmat</p>	

		<p>Geti sett saman texta á skipulegan og læsilegan hátt</p> <p>Geti samið og skrifað eigin frásagnir og sögur og leyft öðrum að njóta með upplestri höfundar eða lestri lesanda</p> <p>Vandi ávallt skrift og frágang og dragi rétt til stafs</p>	<p>annarra upplýsingamiðla.</p> <p>Hlutverk kennarans er að veita nemendum leiðbeiningar, ráð og aðstoð meðan á rituninni stendur og það gera þeir með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Veita nemendum tíma til að rita, helst daglega. -Kenna nemendum ólíka ritunarform. -Veita nemendum næði og tíma til að ræða um ritun sína. -Sjá til þess að nemandinn öðlist getu, vilja og löngun til að tjá sig í rituðu máli. <p>Nemandinn öðlist næga þekkingu á ritun svo hann geti metið verk annarra að verðleikum.</p>		
--	--	---	---	--	--

<p>Málfræði</p>	<p>Kennsluefni frá kennara</p>	<p>Greint mun á sérnöfnum og samnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta</p> <p>Búið til málsgreinar og ráðið við að greina þær í eigin texta</p> <p>Geti raðað orðum í stafrófsröð</p> <p>Þekki mun á samsettum og ósamsettum orðum</p> <p>Þekki hugtökin samheiti og andheiti</p> <p>Þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum</p> <p>Geti greint kyn nafnorða og fallbeygt þau í eintölu og fleirtölu</p> <p>Læri að þekkja nútíð og þátíð sagna</p> <p>Læri stigbreytingu lýsingarorða</p>	<p>Fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d. orð af orði orð dagsins</p>	<p>Leiðsagnarmat Kannanir Mat á frammistöðu í tímum</p>	
------------------------	--------------------------------	--	--	---	--